

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða), (766. mál)**

## I. Almennt

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um ofangreint mál, á þingskjali 1217, frá 4. apríl sl.

FA fagnar frumvarpinu og telur það löngu tímabært. Allt frá því árið 2009, er matvælalöggjöf Evrópusambandsins var leidd í lög hvað búvörur varðar, án þess að um leið væri aflétt banni við innflutningi ferskra búvara, hefur ríkt ólögmaett ástand, sem stríðir gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Þetta hefur verið mönnum ljóst allan þennan tíma, eins og sjá mátti af greinargerð þess frumvarps, sem á sínum tíma hlaut samþykki á Alþingi og umræðum um það. Héraðsdómur Reykjavíkur sló því enda föstu í máli Ferskra kjötvara gegn ríkinu að hér væri um að ræða „vísvitandi og alvarlegt brot á samningskuldbindingum íslenskra stjórnvalda“ sem valdið hefði viðkomandi fyrirtæki tjóni.

Dómar eru nú gengnir hjá EFTA-dómstólnum og Hæstarétti, þar sem núverandi innflutningsbann er dæmt ólögmaett og í andstöðu við EES-samninginn. FA er sammála því mati sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem leggur málið fram, að íslensk stjórnvöld eigi ekki annan kost en að breyta lögum til samræmis við niðurstöður dómstólanna. Með því að hunza dómstólana kann EES-samstarfinu í heild sinni að verða stefnt í uppnám, með alvarlegum afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf, enda er um langmikilvægasta viðskiptasamning Íslands að ræða.

## II. Hagsmunir í málinu

Neytendur hafa augljósa hagsmuni af því að hömlum á milliríkjaviðskipti sé aflétt. Neytendur munu njóta meira úrvals og samkeppni og væntanlega einhverrar verðlækkunar við það að innlend ferskvara fái harðari samkeppni frá innflutningi. Gera má ráð fyrir að vara sem flutt verður inn fersk verði einkum af hærri gæðaflokkum, til dæmis nautakjöt bæði fyrir neytenda- og veitingahúsamarkað.

Eins og kemur fram í mati Daða Más Kristóferssonar hagfræðiprófessors, sem hluti greinargerðar frumvarpsins byggist á, er væntanlegt tekjutap innlendra framleiðenda ekki af þeirri stærðargráðu að rekstrargrundvelli þeirra sé í hættu stefnt. Innlendir landbúnaður hefur um áratugaskeið búið við litla samkeppni og má halda því fram að sú takmarkaða erlenda samkeppni, sem í samþykkt frumvarpsins mun felast, hvetji innlenda framleiðendur fyrst og fremst til dáða að gera betur í verði og vöruúrvali.

Innan vébanda FA eru tveir hópar fyrirtækja sem eiga ríka hagsmuni af því að ákvæði frumvarpsins ná fram að ganga. Annars vegar eru innflytjendur matvæla, en á rétti þeirra hefur verið brotið í áratug. Þeirra á meðal eru fyrirtæki, sem hafa reynt innflutning ferskra kjötvara og eggja eftir að dómur Hæstaréttar féll, en engu að síður mátt sæta upptöku vörunnar. Íslenzka ríkið hefur viðurkennt rétt þessara fyrirtækja til skaðabóta.

Hins vegar eru útflytjendur matvæla, fyrst og fremst sjávarafurða. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er líkleg niðurstaða þess að frumvarpið hljóti ekki samþykki á Alþingi, að Evrópusambandið nýti heimildir í EES-samningnum til að fresta hluta hans gagnvart EFTA-ríkjunum, með þeirri afleiðingu að aftur yrði tekið upp heilbrigðiseftirlit á landamærum gagnvart íslenskum matvælum sem flutt eru út til ríkja ESB með tilheyrandi umstangi, töfum og kostnaði. Það var raunar meginástæðan fyrir því að á sínum tíma var samið um upptöku matvælalöggjafar ESB í EES-samninginn, bæði hvað varðar búvörur og sjávarafurðir, að tryggja varð útflutningshagsmuni sjávarútvegsins. Flutningsferli ferskra sjávarafurða á Evrópumarkað er viðkvæmt og hver klukkustund skiptir máli til að tryggja að varan haldi ferskleika sínum og verðgildi er hún kemur á markað. Í mati Daða Más Kristóferssonar er gert ráð fyrir að kostnaður matvælaútflytjenda af því að þetta eftirlit yrði tekið upp á ný sé að lágmarki 4,2 milljarðar króna. Að mati þeirra sem stunda ferkfiskútflutning til ESB-ríkja er sú tala verulega vanáætluð. Um gífurlega hagsmuni íslensks sjávarútvegs er að ræða, sem engum getur dottið í hug að stefna í tvísýnu að nauðsynjalausu.

### III. Áhrif á heilsu manna og dýra

Þær röksemdir, sem bornar hafa verið fram gegn frumvarpinu, hafa ekki sízt snúið að heilbrigði búfjárstofna og lýðheilsu. FA hefur farið yfir ályktanir sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis, sem fylgja frumvarpinu. Niðurstaða þeirra er m.a. að frystiskylda á kjöti, sem verður afnumin með samþykkt málsins, hafi fyrst og fremst áhrif á magn kampýlóbaktens en lítil áhrif á aðrar bakteríur og sýklalyfjaónæmi þeirra enda lifi þær af frystingu. Með vísan til þess breyti engu hvort kjöt sé ferskt eða frosið með tilliti til sýklalyfjaónæmis og sé því ekki talið að afnám frystiskyldu muni eitt og sér hafa áhrif á sýklalyfjaónæmi hér á landi. Í greinargerðinni kemur ennfremur fram að að mati yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis hafi afnám frystiskyldu lítil sem engin áhrif á veiru- og bakteríusjúkdóma í dýrum en geti haft áhrif á sníkjudýrasmit. Sú krafa sé hins vegar gerð að kjöt sé framleitt í samræmi við EES-löggjöf, auk þess bregðist EES-ríki við með ýmsum hætti ef upp koma alvarlegir dýrasjúkdómar, t.d. með „skyndi-tilkynningarkerfi“ á milli landa. Að mati yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis ætti því framangreint að fyrirbyggja að afurðir sem geta innihaldið smitefni dýrasjúkdóma berist hingað til lands. Með vísan til aðgerðaráætlunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem meðal annars gerir ráð fyrir að krafizt verði vottorða með innfluttu fuglakjöti um að það sé laust við kampýlóbakter og salmonellu, telja sóttvarnalæknir og yfirdýralæknir að afnám frystiskyldunnar muni hafa lítil áhrif á dýrasjúkdóma hér á landi og aðgerðirnar muni minnka áhættuna.

Þessar niðurstöður eru í öllum aðalatriðum í samræmi við niðurstöður ráðgjafarfyrirtækisins Food Control Consultants, sem vann skýrslu fyrir FA árið 2017; *Innflutningur búvöru og heilbrigði manna og dýra: Felst áhætta í innflutningi ferskra landbúnaðarafurða?* Mat þeirra sérfræðinga sem sömdu skýrsluna var að hægt væri að tryggja heilbrigði manna og dýra með aðgerðum, sem væru mun minna íþyngjandi en fortakslaust bann við innflutningi ferskvöru

og rúmuðust innan reglna EES-samningsins; til dæmis með því að fara fram á svokallaðar viðbótartryggingar varðandi salmonellu og kamfýlóbakter eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þeir töldu jafnframt að aukinn fjöldi fólks sem ferðast til og frá landinu væri líklegri til að hafa áhrif á útbreiðslu lyfjapols en innflutningur á matvælum. Skýrsla Food Control Consultants fylgir umsögn þessari sem fylgiskjal.

Niðurstöður sóttvarna- og yfirdýralæknis eru sömuleiðis í samræmi við skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis á Íslandi, sem út kom í maí 2017. Það þarf ekki að koma á óvart, þar sem þeir voru á meðal höfunda skýrslunnar. Þar er niðurstaðan sú að lítil hættu sé á að bakteríur, sem ónæmar eru fyrir sýklalyfjum, berist í fólk með neyzlu búfjárafurða, þar sem þær eru yfirleitt soðnar eða steiktar fyrir neyzlu. Meiri líkur séu á að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist í fólk með grænmeti, þar sem það sé yfirleitt borðað ferskt. Innflutningur á grænmeti hefur þó verið frjáls áratugum saman, án þess að það hafi komið niður á góðri stöðu Íslands hvað varðar sýklalyfjaónæmi.

Þá var í skýrslu hópsins bent á að sýklalyfjaónæmar bakteríur geti auðveldlega dreifzt með ferðamönnum sem komi frá svæðum þar sem hlutfall ónæmis er hátt. Stórauðinn ferðamannastraumur og aukin ferðalög Íslendinga auki því áhættuna hér á landi. Meðal tillagna starfshópsins er að unnið verði að því að minnka áhættu á dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería með ferðamönnum, meðal annars með því að bæta hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum.

#### IV. Svarthvít eða margþætt umræða?

FA varar við því að dregin sé upp sú svarthvíta mynd, eins og gert hefur verið í umræðum um þetta mál, að hægt sé að skipta búvörum í tvo flokka, annars vegar innlendar, hreinar og lausar við t.d. sýklalyfjaónæmar bakteríur, og hins vegar útlendar og óhreinar sem ógni lýðheilsu.

Í ljósi þess að íslenskur markaður er kröfuharður beina íslensk innflutningsfyrirtæki viðskiptum sínum almennt til viðurkenndra framleiðenda, sem fara eftir ströngustu kröfum við framleiðslu sína, enda væri það álitshnekkir fyrir viðkomandi fyrirtæki ef fluttar yrðu hingað til lands vörur sem teldust ógna heilsu fólks. Jafnframt má benda á að þvert á það, sem oft er haldið fram í umræðunni, sýna nýjustu mælingar Matvælastofnunar að sýklalyfjaónæmar bakteríur finnast í íslenskum kjúklingum, svínnum og lömbum. Íslenskur landbúnaður er því alls ekki laus við sýklalyfjaónæmi.

Árangur í baráttunni við sýklalyfjaónæmi snýst ekki fyrst og fremst um það, eins og oft er látið skína í, hvort hægt er að halda áfram að koma í veg fyrir innflutning á ferskum búvörum eða ekki. Málið er margfalt flóknara en svo og umræðan þarf að ná til miklu fleiri þátta. Þrátt fyrir það sem að framan greinir; að áhættan af auknum ferðalögum milli landa, fersku grænmeti og ófullnægjandi frárennismálum sé meiri en af innflutningi kjöts, hefur engum dottið í hug að leggja til að setja hömlur á ferðafrelsi fólks, hefta grænmetisinnflutning eða banna matvælaframleiðslu í sveitarfélögum þar sem frárennismál eru í ólestri.

Hægt er að vinna gegn sýklalyfjaónæmi án þess að leggja óþarfar hömlur á frjáls milliríkjavíðskipti. Það gerist ekki sízt með eftirliti, forvörnum á borð við ábyrga notkun sýklalyfja, jafnt fyrir dýr og menn, fræðslu um rétta meðhöndlun matvæla, ábendingum til

ferðamanna um hreinlæti og umgengni við búfénað, átaki í frárennismálum – og síðast en ekki sízt með samstarfi við önnur Evrópuríki um varnir, eftirlit og viðbótartryggingar.

#### V. Áætlun um mótvægisáðgerðir

FA gerir því eðlilega ekki athugasemdir við þá áætlun um mótvægisáðgerðir, sem atvinnuvegaráðuneytið hefur stillt upp og fylgir frumvarpinu, en leggur þó áherzlu á að þess verði gætt í hvívetna að þær áðgerðir rúmist innan ramma meðalhófs og standist EES-löggjöfina. Félagið lýsir ánægju með að ráðuneytið virðist hafa hugað vel að slíku, t.d. hvað varðar að gera kampýlóbakter-vottorð að skilyrði þess að ómeðhöndlað fuglakjöt verði sett á markað.

Hvað varðar aukna heimild stjórnvalda til að taka sýni hjá matvælafyrirtækjum undirstrikar FA að þar verði jafnframt gætt meðalhófs þannig að sýnatökurnar geti ekki talizt íþyngjandi fyrir fyrirtækin eða að í þeim geti í raun falizt viðskiptahindrun.


FA gerir heldur ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um stjórnvaldssektir, gæti fyrirtæki ekki að því að dreifa ekki kampýlóbactersmituðum kjötvörum, en bendir á að gæta verður vel að því að ekki sé beitt of þungum viðurlögum vegna gáleysisbrota. Félagið fagnar því að komið hefur verið til móts við athugasemdir þess við drög að frumvarpinu á fyrri stigum með breytingu á 6. grein frumvarpsins.

#### VI. Að lokum

Félag atvinnurekenda hvetur til þess að málið verði samþykkt óbreytt á Alþingi. Félagið rifjar upp að Eftirlitsstofnun EFTA sendi Íslandi rökstutt álit hinn 13. febrúar síðastliðinn, þar sem íslenskum stjórnvöldum voru gefnir tveir mánuðir til að bregðast við dómi EFTA-dómstólsins. Sá tími er nú liðinn. Mikilvægt er, til að gæta að réttaröryggi íslenskra fyrirtækja og hagsmunum þeirra á Evrópumarkaðnum, að málið verði til lykta leitt sem fyrst.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á seinni stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni um málið.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: [Innflutningur búvöru og heilbrigði manna og dýra: Felst áhætta í innflutningi ferskra landbúnaðarafurða?](#) Skýrsla Food Control Consultants Ltd. fyrir Félag atvinnurekenda.  
Höfundar: Ólafur Oddgeirsson og Ólafur Valsson.